

FRÁ GOSLOKANEFND OG 100 ÁRA AFMÆLISNEFND

Kæru Eyjamenn og aðrir hátíðargestir.
Meðfylgjandi er dagskrá Goslokahátíðar
auk afmælishátíðar í tilefni af 100 ára
afmæli Vestmannaeyjabæjar fyrir helgina
4.-7. júlí 2019. Hlökkum til að fagna
þessum áfanga með ykkur og vonumst
til að sjá ykkur á sem flestum viðburðum
hátíðarinnar.

Við biðjum fólk um að ganga hægt um
gleðinnar dyr, virða útvistartíma barna og
gangna vel um Eyjuna okkar. Goslokanefnd
áskilur sér rétt til þess að breyta dagskrá
ef þörf þykir og verða þær breytingar
þá kynntar sérstaklega á facebooksíðu
hátíðarinnar, www.facebook.com/goslok.

Ánægjulegt væri að sjá hús og garða
skreytta með litum hátíðarinnar. Fánar
og handflögg eru til sölu í Eymundsson og
Eldheimum.

Goslokanefnd og afmælisnefnd.



SÝNINGAR OG ENDURTEKNIR VIÐBURÐIR:

Akóges – föstudag til sunnudags kl. 13:00-18:00.
SIGURFINNUR SIGURFINNSSON.

Café Varmó – föstudag til sunnudags kl. 11:00-18:00.
RAGNHEIÐUR HREFNA GUNNARSDÓTTIR.

Einarsstofa/Sagnheimar – föstudag til sunnudags
kl. 10.00-17:00. HULDA HÁKON OG JÓN ÓSKAR.

Eldheimar – föstudag til sunnudags kl. 09:00-18:00.
JÓN ÓSKAR.

Flugstöðin – föstudag til sunnudags kl. 09-19:00.
TOLLI MORTHENS.

Landlyst og Stafkirkjan – alla daga kl. 10:00-17:00.
Ókeypiss aðgangur.

Safnaðarheimilið – föstudag til sunnudags
kl. 13:00-18:00. GÍSLÍNA DÖGG BJARKADÓTTIR.

Salur Tónlistarskólans – laugardag og sunnudag
kl. 14:00-18:00. MYNDLISTARFÉLAG VESTMANNAEYJA.

Cratiours-króin á Skipasandi – föstudag 14:00-18:00
og laugardag kl. 14:00-00:00. VIÐAR BREIÐFJÖRÐ.

Eymundsson – fimmtudag og föstudag kl. 09:00-18:00,
laugardag kl. 10:00-16:00. SUNNA SPÁKONA.

Svöluot – föstudag til sunnudags kl. 13:00-18:00.
SVAVAR STEINGRÍMSSON.

Veituhúsið á Skansinum – laugardag og sunnudag
kl. 14:00-18:00. ÁSTA VILHELMÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR
OG SUNG BEAG.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja – laugardag og
sunnudag kl. 13:00-18:00. KRISTINN PÁLSSON.



DAGSKRÁ



FIMMTUDAGUR 4. JÚLÍ

- 16:00** Flugstöð: Tolli Morthens opnar myndlistarsýningu.
- 17:00** Akóges: Sigurfinnur Sigurfinnsson opnar myndlistarsýninguna „Sigurfinnur 75 ára, 75 myndir“. Tónlistaratriði Sveinbjörns Grétarssonar úr Greifunum.
- 17:30** Einarsstofa í Safnahúsi: Opnun á samsýningu Jóns Óskars og Huldu Hákon „Fjallið eina og önnur verk“.
- 18:00** Svöluokot: Svavar Steingrímsson opnar ljósmyndasýninguna „Umbrotatímar með Svabba Steingríms“.
- 18:30** Safnaðarheimili: Opnun á myndlistarsýningu Gíslínu Daggar Bjarkadóttur „Mitt á milli“.
- 20:00** Cratious-króin á Skipasandi: Opnun á myndlistarsýningu bæjarlistamannsins Viðars Breiðfjörð „Millilending“. Léttar veitingar og tónlist.
- 20:30** Stóri salurinn í Hvítasunnukirkjunni: „Oddgeir og óperur“. Silja Elsabet Brynjarsdóttir syngur við undirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. *Aðgangseyrir 2.500 kr.*
- 20:30** Brothers Brewery við Bárustíg: Bjórbingó.
- 20:30** Alþýðuhúsið: Tónleikar GÓSS (Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar Guðmundsson). *Aðgangseyrir 3.990 kr.*

FÖSTUDAGUR 5. JÚLÍ

- 10:00** Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum: Volcano open (fyrri ráshópur kl. 10:00, seinni kl. 17:00).
- 16:30 - 17:15** 100 ára afmælishátíð Vestmannaeyjabæjar og setning Gosloka hátíðar á Skanssvæðinu, stutt ávörp og tónlistaratriði.

LISTA- OG HÖNNUNARSÝNINGAR:

- 13:00 - 15:00** Opið hús í Heimaey, vinnu- og hæfingarstöð. Handverk og kerti til sölu.
- 16:00** Salur Tónlistarskólans: Opnun á sýningu Myndlistarfélags Vestmannaeyja „Vestmannaeyjabær 100 ára“.
- 17:15** Veituhúsið á Skansinum: Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir og Sung Beag opna listsýninguna „Náttúruhamfarir“. Gjörningur Sung Beag við opnun.

BARNADAGSKRÁ:

- 15:30 - 16:30** Leikhópurinn Lotta – Litla hafmeyjan á Skanssvæðinu í boði Ísfélagsins (*ATH breyttur sýningartími og staðsetning*).
- 16:30 - 17:15** Cirkus Flik Flak skemmtir meðal áhorfenda á afmælis- og setningarhátíðinni á Skanssvæðinu.

UNGLINGADAGSKRÁ:

- 21:00 - 23:00** Pop quiz í Tónlistarskólanum (ætlað 13-17 ára).

FJÖLSKYLDU- OG FULLORÐINSDAGSKRÁ:

- 18:00 - 20:00** Stórtónleikar í tilefni af 100 ára afmæli Vestmannaeyjabæjar í Íþróttamiðstöðinni (*fyrir barnafólk og yngri en 18 ára*).
- 21:00 - 23:00** Stórtónleikar í tilefni af 100 ára afmæli Vestmannaeyjabæjar í Íþróttamiðstöðinni (*fyrir eldri en 18 ára*).
- 23:00 - 03:00** Kiddi Bjarna og Guðni með fjöldasöng og fjör á Kaffi Varmó við Strandveg.

LAUGARDAGUR 6. JÚLÍ

- 08:30** Golfvöllurinn – Volcano open (fyrri ráshópur kl. 08:30, seinni kl. 13:30).
- 11:00 - 13:00** Ferð á Heimaklett undir leiðsögn Óla Týs ef veður leyfir.
- 16:00** Pepsídeild karla í knattspyrnu: ÍBV-KR.

SÝNINGAR, DAGSKRÁR OG KYNNINGAR:

- 13:00 - 17:00** Þekkingasetur Vestmannaeyja Ægisgötu 2, 2. hæð: „Gakktí Bæinn“. Kristinn Pálsson opnar sögusýningu grafískra verka um arkitektúr og byggingarsögu Vestmannaeyja.
- 13:00 - 16:00** Opið hús hjá Frímúrurum í tilefni af 100 ára afmæli reglunnar.
- 13:00 - 18:00** Hippakot og garðurinn við Vestmannabraut 69 „Músik, myndlist, mósaík“.
- 13:00 - 14:30** Einarsstofa í Safnahúsi: „Eyjahjartað“. Að þessu sinni eru sagnafólkið þau Edda Andrésdóttir, Helgi Bernóðsson, Inga Jóna Hilmisdóttir og Sigurjón Guðmundsson.
- 14:00 - 16:00** Við Safnahúsið: Fornbílásýning Bifreiðaklúbbs Suðurlands og nokkurra Eyjamanna.

- 15:00 - 16:00** Sagnheimar, þjóðhátíðartjald: Sögur útgáfa og Laufey Jörgensdóttir kynna Undurfagra ævintýr, þjóðhátíðarlög Vestmannaeyja 1933-2019. Bókin kemur út fyrir næstu þjóðhátíð. Þjóðhátíðarstemning og léttar veitingar.

- 17:00 - 18:00** Eldheimar: Jón Óskar spjallar og situr fyrir svörum um verk sín.

BARNA- OG UNGLINGADAGSKRÁ

- 11:00 - 12:00** Dorgveiðikeppni á Nausthamarsbryggju á vegum SJÓVE.
- 12:00 - 13:00** Sundlaugardiskó með Ingó Veðurguði.
- 13:00** Sprell – leiktæki á bílaplani Geisla við Stakkagerðistún.
- 13:30 - 15:30** Grill- og götustemning við Bárugötu í boði Landsbankans. Tríó Þóris Ólafssonar, grill, pylsur, blöðrur, skólahreystibraut, hoppukastalar og margt fleira.
- 15:30 - 16:30** Brekkusöngur og flipp með Ingó Veðurguði við Bárustíg.

FULLORÐINSDAGSKRÁ

- 23:00 - 01:00** Eyjalög og „sing-along“ í krónum í Skvísusundi: Eymannafélagið, Kókos og Leó Snær koma fram.
- 00:00 - 03:30** Áfram heldur stemningin með dansleik á Skipasandi. Hljómsveitirnar Brimnes og Merkúr á útisviði. Ingó Veðurguð í Girkassahreppi. Captain Morgan spilar í Rabbakró. Opnar krær í kring og veitingasala á svæðinu.

SUNNUDAGUR 7. JÚLÍ

- 11:00 - 13:00** Göngumessa frá Landakirkju, boðið upp á súpu og brauð.
- 13:00 - 14:30** Cirkus Flik Flak - barna- og unglingsirkus frá Danmörku sýnir í Íþróttamiðstöðinni.
- 13:00 - 16:00** Sprell – leiktæki á bílaplani Geisla við Stakkagerðistún.
- 13:00 - 14:00** Sagnheimar: Adam Nichols, prófessor við Marylandháskóla kynnir áður óþekktar hugmyndir um ástæður Tyrkjaránsins. Auk þess fjallar Karl Smári Hreinsson um nýjar þýðingar á Reisubók sr. Ólafs Egilssonar.
- 20:30 - 23:00** Alþýðuhúsið: Mugíson. *Aðgangseyrir 3.000 kr.*